

Umsögn um frumvarp til laga um sviðslistir**149. löggjafarþing 2018-2019.****Þingskjal 1261 — 800. mál.****Sendandi: Félag íslenskra listdansara og Íslenski dansflokkurinn****Reykjavík 9.maí 2019**

Félag íslenskra listdansara og Íslenski dansflokkurinn lýsa yfir stuðningi við þær tillögur til breytinga á frumvarpinu sem lagðar hafa verið fram af samtökum um danshús – Dansverkstæðinu en þó eru smávægilegar breytingatillögur til viðbótar. Jafnframt ítrekar FÍLD húsnæðisleysi dansflokksins og brýna nauðsyn þess að bæta úr aðstöðu Íslenska dansflokksins til samræmis við aðrar sambærilegar stofnanir.

Breytingatillögur,

Almennt um lagafrumvarpið

Það er fagnaðarefni að ný sviðslistalög nái yfir starfsemi Íslenska dansflokksins og staða dansflokksins þannig betur tryggð til framtíðar. Af lögunum er ljóst að lítið er svo á að Íslenski dansflokkurinn sé að flestu leyti sambærileg stofnun við Þjóðleikhúsið, þar sem önnur stofnunin sinnir fyrst og fremst danslist en hin leiklist. Vonandi verður þessi lagabreyting til þess að Íslenska dansflokknum verði sem fyrst búin viðunandi vinnuaðstaða og eru þar húsnæðismálin brýnasta úrlausnarefnið.

Regluleg endurnýjun er góð fyrir menningarstofnanir og því er æskilegt að forstjórar menningarstofnana sitji ekki lengur en tvö kjörtímabil. Varðandi 4. og 11.grein frumvarpsins um ráðningu forsvarsmanna menningarstofnana þá þarf að samræma lagaumhverfi er varðar ráðningaferli listdansstjóra Íd og Þjóðleikhússtjóra. Það er jafnframt áleitin spurning hvort tímafrekt og kostnaðarsamt ráðningarferli sé nauðsynlegt ef um endurráðningu sitjandi leikhússtjóra/listdansstjóra er að ræða. Einnig er það álitamál hvort slíkt ferli sé ekki ósanngjarnt gagnvart öðrum umsækjendum, sem sækja um starfið í góðri trú.

Aukin aðkoma fagfólks að þjóðleikhúsráði og listdansráði er til bóta, þó ekki sé skýrt með hvaða hætti fagfélög sviðslistafólks skulu standa að þeim tilnefningum. Mikilvægt er að fagfólk í danslist sitji í listdansráði til að tryggja að starfið sé á faglegum forsendum.

Í 17. grein frumvarps að sviðslistalögum er fjallað um sviðslistasjóð og ýmsar breytingar gerðar frá núverandi starfsemi sjóðsins. Frumvarpið gerir ráð fyrir að setja í einn sjóð fjárveitingar til atvinnufólks og áhugafólks í sviðslistum. Gjörólíkar forsendur eru fyrir úthlutun til atvinnufólks og áhugafólks í sviðslistum. Því er lagst gegn því að færa úthlutun til atvinnufólks og áhugafólks í sviðslistum undir einn hatt.

Orðalag 17. greinar frumvarps til sviðslistalaga er með þeim hætti að margvísleg sviðslistastarfsemi getur fallið undir starfssvið sjóðsins, þ.m.t hátíðir. Miðað við þær upphæðir sem hingað til hafa verið til úthlutunar úr sviðslistasjóði er lítið svigrúm til að fjölga styrkþegum. Styrkir til hátíða eða annars konar verkefna munu því verða á kostnað einstakra verkefna listamanna, sem nú þegar eru aðþrengd.

18.gr. kynningarmiðstöð sviðslista – ný tækifæri og útrás fyrir íslensk sviðsverk.

Það er afar mikilvægt skref í rétta átt að í nýju sviðslistalögunum eru lögð drög að stofnun Kynningarmiðstöðvar sviðslista. Mikil þörf er á slíkri miðstöð og mörg alþjóðleg tækifæri í sviðslistum tekst ekki að nýta í dag vegna skorts á stuðningi við kynningarstarf og útrás sviðslista. Vonandi verður fljótt tekin formleg ákvörðun um stofnun Kynningarmiðstöðvar sviðslista og miðstöðinni veitt aðstaða og fjármagn til að geta sinnt sínu hlutverki af reisn, sviðslistum á Íslandi til hagsbóta.

Breytingartillögur

II. og III. kafli, samræming á orðalagi.

Tillaga að breytingu á 4. grein til samræmis við 11. grein þar sem kveðið er á um ráðningartíma listræns stjórnanda. Viðbót í texta er **feitiletruð**. 4. grein verði svohljóðandi:

4. grein. Þjóðleikhússtjóri

Ráðherra skipar þjóðleikhússtjóra til fimm ára í senn að fenginni umsögn þjóðleikhússráðs. Þjóðleikhússtjóri skal hafa háskólamenntun í listum eða sambærilega menntun og staðgóða reynslu og þekkingu í sviðslistum og starfssviði leikhúss.

Endurnýja má skipun þjóðleikhússtjóra einu sinni til næstu fimm ára. Auglýsa skal embættið laust til umsóknar í lok hvers skipunartímabils. Þjóðleikhússtjóri stýrir starfsemi og rekstri þjóðleikhússins og markar listræna stefnu þess. Hann ræður starfsmenn leikhússins og er í fyrirsvari fyrir það.

Tillaga að breytingu á 12. grein til samræmis við 5. grein um starf þjóðleikhússráðs / listdansráðs. Úrfelling á texta er **yfirstrikuð**. 12. grein verði svohljóðandi:

12. grein. Listdansráð

Ráðherra skipar þriggja manna listdansráð Íslenska dansflokksins til fimm ára í senn. Fagfélög sviðslistafólks tilnefna tvo fulltrúa **danslistar** en ráðherra einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ekki er heimilt að skipa sama aðalmann í ráðið lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Listdansráð setur sér starfsreglur, fylgist með starfsemi dansflokksins og **að hún sé í samræmi við lög og þjóðleikhússmáli**, veitir ráðherra umsögn um stefnu og áætlun um starfsemi Íslenska dansflokksins **í samræmi við önnur lög og fylgist með framkvæmd þeirra.**

Tillaga að breytingu á 13. grein til samræmis við 6. grein. Úrfelling á texta er **yfirstrikuð**. 13. grein verði svohljóðandi:

13. grein. Samstarf

Íslenski dansflokkurinn skal kosta kapps um samstarf við stofnanir, félög og aðra sem sinna **danslist** ef það verður til að auka fjölbreytni og skapa listrænan ávinning **fyrir samstarfsaðila**. Dansflokkurinn stuðlar að listuppeldi og fræðslustarfi í samvinnu við menntastofnanir og gerir nemendum og almenningi kleift að kynna sér starfsemi dansflokksins eftir því sem við verður komið.

IV. kafli

Tillaga að breytingu á 17. grein um sviðslistasjóð. Úrfelling á texta er ~~yfirstrikuð~~. Viðbót í texta er **feitletruð**. 17. grein verði svohljóðandi:

17. grein. Sviðslistasjóður

Hlutverk sviðslistasjóðs er að **efla starfsemi atvinnuhópa og einstaklinga í íslenskum sviðslistum**. Íslenskar sviðslistir og kosta önnur verkefni sem falla undir hlutverk og starfsemi á sviði sviðslista. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, deild atvinnuhópa og deild áhugahópa í sviðslistum. Sviðslistaráð gerir tillögur til ráðherra um stefnu og helstu áherslur í starfi sjóðsins til þriggja ára. Ráðherra setur sviðslistasjóði reglur um auglýsingar meðferð umsókna og afgreiðslu þeirra. Við mat á umsóknum úr sviðslistasjóði er sviðslistaráði heimilt að leita umsagnar fagaðila. Þóknun fulltrúa í sviðslistaráði og annar kostnaður af starfsemi ráðsins greiðist úr sviðslistasjóði. Ákvarðanir sviðslistaráðs eru endanlegar á stjórnarsýslustigi og sæta ekki kærur til ráðherra.

Tillaga að breytingu á 18. grein um Kynningarmiðstöð sviðslista. Úrfelling á texta er ~~yfirstrikuð~~. Viðbót í texta er **feitletruð**. 18. grein verði svohljóðandi:

18. grein. Kynningarmiðstöð sviðslista

Ráðherra ~~hefur heimild til~~ **skal** fela þar til bærum aðila að kynna íslenskar sviðslistir hér á landi og erlendis og efla alþjóðlegt samstarf íslenskra sviðslistamanna og stofnana.

Ekki eru gerðar frekari breytingartillögur við frumvarp til laga um sviðslistir.

Virðingafyllst,

f.h. Félags íslenskra listdansara
Irma Gunnarsdóttir
Formaður FÍLD

f.h. Íslenska dansflokksins
Erna Ómarsdóttir
Listdansstjóri Íd